

Haldið er óreglulegt dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) þriðjudaginn 9. maí 2023.

Fyrir er tekið:

Agamál nr. 91/2022-2023

gegn

Adomas Drungilas

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Málavextir

Kærði er leikmaður Tindastóls nr. 16. Sunnudaginn 7. maí 2023 barst aga- og úrskurðarnefnd kæra frá dómaranefnd KKÍ. Í kærinni var ástæða hennar sögð vera grófur leikur kærða í leik Vals og Tindastóls í úrslitaeinvígi Subwaydeildar karla sem fram fór í Origohöllinni hinn 6. maí 2023 kl. 19.15. Var háttsemi kærða lýst með eftirfarandi hætti:

Dómaranefnd sendir hér með myndbandsbrot úr leiknum. Á því sést hvernig [kærði] slær hönd sinni í höfuð leikmanns Vals sem stóð honum nærri. Dómarar leiksins dæmdu óíþróttamannslega villu en með vísan í 7.mgr 6. greinar í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd þá leggur dómaranefnd KKÍ fram kæru á hendur [kærða] vegna grófs leiks, en skv. leikreglum FIBA grein 38.1 kemur fram að "öll gróf óíþróttamannsleg hegðun leikmanns, liðsmanna á varamannbekk, þjálfara og annarra starfsmanna liðs er brottrekstrarvilla."

Þess skal sérstaklega getið að dómaranefnd hefur leitað álits sérfræðinga á þessu sviði við mat á alvarleika atviksins. Flestir þeirra eru erlendir FIBA-vottaðar dómaraleiðbeinendur og 18 sérfræðingar mátu atvikið sem brottrekstrarvillu, 4 sérfræðingar óíþróttamannslega villu / brottrekstrarvillu, þ.e. til að uppfæra í brottrekstrarvillu þyrfti að skoða annað samhengi en brottrekstrarvilla væri vel réttlætanleg og 1 sérfræðingur mat atvikið sem óíþróttamannslega villu.

Hjálögð með kærinni var myndbandsupptaka af atvikinu sem aga- og úrskurðarnefnd hefur tekið tillit til.

II.

Greinargerð kærða

Þann 8. maí 2023 barst aga- og úrskurðarnefnd eftirfarandi greinargerð körfuknattleiksdeildar Tindastóls fyrir hönd kærða:

Dómkröfur

Kærði, Adomas Drungilas krefst þess aðallega að kröfum kæranda, dómaranefndar KKÍ verði vísað frá. Til vara að kröfum kæranda verði hafnað.

Kærði krefst þess að málið verði munnlega flutt og vitni leidd fyrir nefndina.

Samkvæmt umboði frá kærða tekur körfuknattleiksdeild Tindastóls til varna í málinu fyrir hans hönd.

I Atvik máls

Lýsing á atvikum máls er verulega ábótavant í kæru þeirri sem beint hefur verið til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Í kærinni er eingöngu vísað til myndbands af atviki sem er úr leik Vals og Tindastóls sem fram fór 6. þessa mánaðar og í framhaldi af því tekið fram að dómaranefnd leggi fram kæru á hendur kærða og um leið vísað í leikreglur FIBA grein 38.1.

Kærandi lætur hins vegar hjá líða að geta þess að tveir af dómurum leiksins, Davíð Tómas Tómasson og Davíð Kr. Hreiðarsson skoðuðu atvikið vandlega á sjónvarpsskjá áður en ákvörðun var tekin varðandi atvikið. Að mati kærða er þessi skoðun dómarana á atvikinu lykilatriði í máli þess en kærandi sá hins vegar ekki ástæðu til að nefna þetta í kæru sinni og er það í raun óskiljanlegt. Hér er vert að vekja sérstaka athygli á því að einn nefndarmanna, Aðalsteinn Hrafnkelsson, var eftirlitsdómari á leiknum. Ekki gat þessum mönnum dulist að dómarar leiksins tóku sér góðan tíma í að skoða atvikið áður en þeir tóku ákvörðun um að dæma óíþróttamannslega villu á kærða og láta þar við sitja.

Síðar í kærinni vísar kærandi til þess að dómarnefndin hafi leitað álit sérfræðinga á þessu sviði við mat á alvarleika atviksins án þess að geta þess hvaða sérfræðingar þetta voru, hversu vel þeir sáu atvikið eða nokkuð annað um það hvernig þessara álita var aflað. Ljóst er að álitanna hefur verið aflað með einstökum hraða þar sem dómarnefndinni „barst ábending“ fyrr þennan dag. Ekki verður annað ráðið en að með vísun sinni til „erlendra sérfræðinga“ sé kærandi að reyna að slá ryki í augu aga- og úrskurðarnefndar og kærða sem væntanlega eiga að mati kæranda að taka þessar upplýsingar sem óbyggjandi sönnun fyrir málstað þeirra. Er hér á ferð svipaður rökstuðningur og oft á sér stað hér á landi þegar menn reyna að styðja málstað sinn með því að segja að erlendar rannsóknir hafi sýnt eitthvað sem málstaðnum hentar hverju sinni. Þá verður ekki hjá því komist að geta þess að myndbandið sem virðist hafa verið sent til hinna „erlendu sérfræðinga“ er nefnt „Drungalis punch“ sem bendir ekki til óhlutdrægni. Rétt er að halda því til haga að í kærinni kemur fram að 18 sérfræðingar hafi metið atvikið sem brottrekstrarvillu, fjórir mátu atvikið óíþróttamannslega villu/brottrekstrarvillu, þ.e. til að uppfæra í brottrekstrarvillu hafi þurft að skoða annað samhengi en brottrekstrarvilla væri réttlæt看leg og einn sérfræðingur hafi metið atvikið sem óíþróttamannslega villu. Kærði kemst ekki hjá því að ætla að allur þessi málalíbúnaður sé til kominn vegna utanaðkomandi þrýstings á nefndarmanninn sem ákvörðunina tók en kærði lætur vera að lýsa skoðun sinni á því hvaðan sá þrýstingur kom.

Án þess að það skipti efnislega máli vísar kærandi um heimild sína til að kæra atvikið til 7. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd en 6. gr. samanstendur eingöngu af sex málsgreinum. Kæranda til vorkunnar þá segir í reglugerðinni sjálfri að hún innihaldi sjö málsgreinar en ákvæðið um heimild kæranda til að kæra atvik er að finna í 2. mgr. greinarinnar.

II Krafa um frávísun

Í upphafi vill kærði geta þess að honum hefur ekki með formlegum hætti verið tilkynnt um framkomna kæru. Þess í stað var kærinni beint til formanns kkd. Tindastóls en ekki verður séð að heimilt sé, skv. reglugerð um aga- og úrskurðarmál, að hafa þennan hátt á enda á félagið sem slíkt ekki aðild að málinu. Kærði hefur hins vegar eftir að formaður kkd. Tindastóls kynnti honum

kæruna falið félaginu að gæta hagsmuna hans fyrir nefndinni, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Kærði kemst ekki hjá því að krefjast þess að málinu verði vísað frá nefndinni þar sem nefndin var í raun ekki starfhæf þegar ákvörðunin var tekin. Í fundargerð sem rituð var af framkvæmdastjóra KKÍ kemur fram að fundurinn hafi farið fram 7. maí um fjarfundabúnað sem ekki er gerð athugasemd við. Þá kemur fram að fyrr þennan dag, 7. maí, hafi formanni nefndarinnar og framkvæmdastjóra KKÍ borist ábending ásamt upptöku af atviki úr umræddum leik. Ekki verður hjá því komist að velta því fyrir sér hvaðan þessi ábending barst og hver sendi þessa upptöku en ljóst má vera að nánast allir áhugamenn um körfubolta sáu þetta atviki og því ástæðulaust fyrir nefndina að reyna að skýla sér á bakvið að þeim hafi borist nafnlaus ábending um atvikið.

Í fundargerðinni kemur fram að tveir nefndarmanna, Jón Bendar formaður og Rögnvaldur Hreiðarsson, hafi vikið af fundinum vegna tengsla við Val. Eftir sat þá einn maður í nefndinni, Aðalsteinn Hrafnkelsson sem þá tekur ákvörðun í nafni nefndarinnar.

Um dómara nefnd og raunar flestar aðrar nefndir KKÍ eru fátæklegar reglur og verður ekki séð að finna megj nein ákvæði um hæfi nefndarinnar til að taka ákvarðanir þegar hún er ekki fullskipuð. Hér háttar raunar svo til að það vantar tvo þriðju nefndarmanna en engu að síður telur sá eini sem eftir er sig þess umkominn að taka ákvörðun í málinu í nafni nefndarinnar. Þar sem reglur um dómara nefnd og ályktunarhæfi hennar eru fátæklegar verður að ætla að um hana gildi almennar reglur. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hagsmunir í íþróttum hér á landi eru orðnir miklu meiri en áður var. Leikmenn í efstu deild fá nú greitt fyrir að spila sem ekki var og allur rekstur deilda margfalt umfangsmeiri en áður. Því er nú mikilvægara en áður að allt regluverk sé skýrt. Þegar reglur vantar er að mati kærða eðlilegt að taka mið af reglum sem almennt gilda í þjóðfélaginu. Má hér t.d. vísa til 1. mgr. 34. gr. stjórnarsýslulaga þar sem fram kemur að stjórnarsýslunefnd sé ekki ályktunarhæf nema að meira en helmingur nefndarmanna sækir fund. Hér hefðu því tveir nefndarmenn þurft að standa að ákvörðun nefndarinnar. Kærði telur að þar sem tveir af þremur nefndarmönnum voru vanhæfir hafi verið skylt að fara þess á leit við KKÍ, sem skipar í nefndina, að skipa ad hoc tvo menn í stað þeirra sem viku. (Reglugerð

um dómaranefnd gerir ekki ráð fyrir varamönnum og því ekki hægt að kalla varamenn til starfa í þessu tilfalli). Kærði telur því að nefndin hafi augljóslega verið óstarfhæf þegar einn nefndarmaður ákvað að kæra atvikið til aga- og úrskurðarnefndar. Í raun sé ákvörðunin marklaus og að engu hafandi sem leiði til þess að vísa beri málinu frá nefndinni.

Kærði telur rétt að vekja athygli á því að í kæru kæranda eru í raun engar kröfur gerðar. Í kærinni segir einfaldlega „Kæra þarf Adomas Drungilas leikmann nr (svo) 16 í Tindastól. Ástæða kæru er grófur leikur.“ Þegar af þessari ástæðu ber að vísa málinu frá nefndinni.

Loks kemst kærði ekki hjá því að nefna að hinn 1. maí sl. birtist á vef KKÍ í nafni dómaranefndar yfirlýsing varðandi atvik sem átti sér stað í leik Vals og Þórs frá Þorlákshöfn. Ekki er að sjá nokkurn fyrirvara um að þeir nefndarmenn sem tengjast Val hafi ekki komið að þeirri ákvörðun. Er að mati kærða full ástæða fyrir hann að draga óhlutdrægni þessarar nefndar í efa.

III

Krafa kærða þess efnis að kröfum kæranda verði hafnað er reist á eftirfarandi málsástæðum.

Kærði vísar til 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál sem er svohljóðandi; „Aga og úrskurðarnefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d. varðandi brottvísun eða tæknivillu. Þrátt fyrir framangreint er aga og úrskurðarnefnd heimilt að taka til meðferðar atvikaskýrslu dómara eða kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna [óbyggjandi] hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.“

Að mati kærða er með skýrum og ótvíræðum hætti mælt svo fyrir að aga- og úrskurðarnefnd er bundin af ákvörðun dómara leiks. Þegar af þeirri ástæðu ber að hafna kröfum kæranda. Í greininni er í dæmaskyni vísað í tæknivillur og brottvísun en ákvæðið gildir augljóslega um óíþróttamannslegar villur en slík villa var dæmd vegna atviksins sem hér um ræðir.

Síðar í tilvitnaðri 2. mgr. 6. gr. er fjallað um atvikaskýrslur dómara en slík skýrsla liggur ekki fyrir í máli þessu og getur slík skýrsla því ekki komið til skoðunar hér.

Þá er í greininni vikið að kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins. Líkt og ítrekað hefur komið fram er óumdeilt að þrautreyndir dómarar, annar með alþjóðleg réttindi, skoðuðu atvikið vel og lengi og tóku svo ákvörðun. Af þeirri ástæðu getur ákvæðið um brot sem framið var án vitundar dómara ekki átt við hér. Að sama skapi kom ekki til álita fyrir dómara leiksins að vísa kærða af leikvelli eða keppnisstað enda mátu þeir atvikið þannig að ekki væri ástæða til að dæma annað en óíþróttamannslega villu.

Þá telur kærði ekki hjá því komist að víkja að því að reglugerðin var sett áður en dómurum var veitt heimild til að skoða atvik á upptöku líkt og þeir gerðu. Heimild til að dæma um atvik síðar var veitt til að koma í veg fyrir að leikmenn eða aðrir kæmst hjá refsingu vegna þess eins að dómarar tóku ekki eftir atvikinu. Í þessum tilgangi var aga- og úrskurðarnefnd veitt heimild til að notast við myndbandsupptökur.

Máli sínu til frekari stuðnings vísar kærði til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 9/2013-2014 en líkindi eru með atvikum þess máls og því sem hér er til úrlausnar. Hins vegar ber að halda því skýrt til haga að nefnt mál var dæmt áður en dómarar fengu heimild til að skoða atvik á meðan leik stendur. Í úrskurðinum segir m.a. svo:

Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál segir að aga- og úrskurðarnefnd skuli bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d varðandi brottvísun eða tæknivillu. Í 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir hins vegar að aga- og úrskurðarnefnd sé heimilt að taka til meðferðar kæru eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Ákvæði þessi stangast á í tilfalli eins og því sem hér er til umfjöllunar. Verður því að leggja mat á hvort ákvæðið eigi að ráða. Meirihluti nefndarinnar telur að horfa verði til þess að mikilvægt sé að ákvarðanir dómara, sem sér atvik vel og dæmir á þau í viðkomandi leik, standi, enda veldur það óvissu ef leikmenn og dómarar mega eiga von á því að ákvarðanir dómara séu

endurskoðaðar að leik loknum. Að okkar mati kemur helst til greina að breyta slíkum ákvörðunum eftir á þegar dómari hefur ekki séð atvik eða mikilvægir þættir þess farið fram hjá honum. Í þessu tilfalli var dómari vel staðsettur, sá atvikið og dæmdi óíþróttamannslega villu á leikmanninn. Sú ákvörðun stendur og er því sýknað af kröfu dómaranefndarinnar.

Kærði telur augljóst að endanlegur dómur var kveðinn upp varðandi atvikið þegar dómari leiksins dæmdi um það eftir ítarlega skoðun. Að mati kærða eru fyrirmælin um að nefndin sé bundin af ákvörðun dómara ómarktæk ef dómaranefnd getur vísað endanlegri ákvörðun dómara leiks til nefndarinnar bara ef henni sýnist svo og hún er beitt nægum þrýstingi. Hér er svo til þess að líta að kærandi ákvað að fela þeim dómurum sem dæmdu leikinn það vandasama verk. Ekki er ástæða til að ætla annað en að þar hafi, a.m.k. að mati kæranda, verið um að ræða þrjá af okkar allra bestu dómurum. Kærandi telur hins vegar að okkar bestu mönnum hafi orðið á og reynir nú að snúa ákvörðun þeirra með þeim rökum einum að „erlendir sérfræðingar“ segi að ákvörðun þeirra hafi verið röng. Kæranda til hróss má þó segja að hann tekur fram að ekki hafi verið einhugur um málið hjá „sérfræðingunum“. Ekki þekkir kærði til þessara „sérfræðinga“ en kannski voru þeir fjórir sem töldu ekki rétt að vísa kærða af leikvelli „mestu sérfræðingarnir“. sem eitt og sér leiðir til þess að hafna beri kröfum kæranda. Forvitnilegt verður að fylgjast með því hvort þessum dómurum verði falið að dæma stórleiki í framtíðinni eða hvort kærandi telji þá svo illa í stakk búna til að takast á við slíka leiki að þeir verði einfaldlega „bekkjaðir“.

Framanrituðu til viðbótar, þá sérstaklega varðandi fullyrðingar kæranda um niðurstöður „sérfræðinga“, þá blasir við að skýrum áskilnaði 4. mgr. 6. greinar reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðarmál, er ekki mætt. Ákvæðið gerir það að skilyrði að gögn sýni með óbyggjandi hætti að brot hafi verið framið sem eigi að leiða til annarrar niðurstöðu en dómari leiks komust að. „Sérfræðingar“ kæranda eru ekki á einu máli um hver viðurlög hefðu áttu að vera og dómari leiksins komust að sinni niðurstöðu eftir að hafa skoðað atvikið vandlega á sjónvarpsskjá, í hægri sýningu o.s.frv. Ekki þarf að vera neinum vafa undirorpið að þau „gögn“ sem kærandi vísa til eru ekki óbyggjandi í neinum skilningi þess orðs.

Þá er til þess að líta að hreyfingar kærða voru allar hinar eðlilegustu og eins og við er að búast þegar knöttur er sleginn úr höndum leikmanns þegar hann er að fara upp með hendur af krafti. Þær koma í flestum tilvikum niður af krafti einnig enda eðlilegt framhald af uppsveiflu. Hann er ekki að sveifla höndum til og frá eða til hliðar. Til þessa verður að líta og engan vegin hægt að fullyrða með óbyggjandi hætti að ásetningur hafi staðið til að valda andstæðingi tjóni, ekki frekar en þegar sóknarleikmaður togar af krafti í handlegg varnarmanns þegar hann er að fara í gegnum hindrun sem er sett. Eru þó þekkt dæmi um að slík atvik hafi valdið leikmanni tjóni þannig að hann gat lítið beitt sér á ögurstundu fyrir sitt lið og hafi jafnvel ráðið úrslitum í seríu.

Kærði telur í ljósi alls ofangreinds að öll efni standi til að hafna „ætlaðri“ kröfu kæranda, telji aga- og úrskurðarnefnd hina kröfulausu kæru uppfylla formskilyrði.

III.

Aðkoma skrifstofu KKÍ

Undir rekstri málsins óskaði aga- og úrskurðarnefnd eftir staðfestingu skrifstofu KKÍ að umrætt atvik hafi verið skoðað af dómurum leiksins í endursýningu á keppnisstað. Skrifstofa KKÍ staðfesti það.

IV.

Niðurstaða

(A)

Í greinargerð er m.a. byggt á að kæra hafi ekki borist kærða með réttum hætti og hafi ranglega verið send til körfuknattleiksdeildar Tindastóls. Ber kærandi því við að ekki sé heimild til þess í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Í reglugerð um aga- og úrskurðarmál er ekki kveðið á um að nauðsynlegt sé að senda kærðum í agamálum kæru til umsagnar eða að öðru leyti gera honum viðvart um kæruna. Með gagnályktun frá 4. mgr. 7. gr. er því engin slík skylda fyrir hendi.

Aftur á móti segir í 5. mgr. 6. gr. að „leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs hefur heimild til að gera skriflega athugasemd til aga- og úrskurðarnefndar við atvikaskýrslu dómara vegna agamáls eða kæru sem er birt forsvarsmanni

viðkomandi félags“. Hefur það því ekki áhrif að kæra hafi verið send körfuknattleiksdeild Tindastóls til umsagnar, frekar en hinum kærða leikmanni, og er málsástæðu kærða því hafnað.

(B)

Í greinargerð er jafnframt haldið fram að vísa eigi málinu frá, enda hafi dómarnefnd ekki verið ályktunarbær þegar hún tók ákvörðun um að senda aga- og úrskurðarnefnd umrædda kæru.

Aga- og úrskurðarnefnd er ekki æðri sett dómarnefnd samkvæmt skipulagi KKÍ og hefur því ekki úrskurðarvald um hvenær og hvort dómarnefnd KKÍ sé ályktunarbær. Er þessari málsástæðu kærða því hafnað.

(C)

Í málinu liggur fyrir að kærða var ekki vísað af leikvelli þegar umrætt atvik átti sér stað. Í 4. mgr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðarmál segir að aga- og úrskurðarnefnd skuli bundin af ákvörðun dómara leiks. Segir þar enn fremur: „Þrátt fyrir framangreint er aga og úrskurðarnefnd heimilt að taka til meðferðar atvikaskýrslu dómara eða kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.“

Í tilvísuðu ákvæði er að finna grundvallarmeginreglu körfuknattleiks að dómara eigi að dæma kappleiki. Aga- og úrskurðarnefnd er aftur á móti fengin heimild til að beita agaviðurlögum í þeim tilvikum sem dómara hafa ekki orðið varir við umrætt agabrot eða af öðrum ástæðum ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað. Í málinu liggur fyrir að dómara leiksins sáu umrætt atvik, dómara leiksins skoðuðu það nánar á keppnisstað og dæmdu einfalda óíþróttamannslega villu á kærða.

Reynir því á skýringu seinni hluta 2. ml. 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Með hliðsjón af 1. ml. 4. mgr. 6. gr. getur ákvæðið ekki átt við í öðrum tilfellum en þegar dómara leiksins hefðu af öllum líkindum kveðið upp annan dóm hefðu þeir

séð atvikið betur eða í þeim tilfellum sem um ræðir alvarlegar og vísitandi líkamsmeiðingar.

Þar sem dómarrar leiksins sannarlega sáu atvikið og skoðuð það nánar í endursýningu á keppnisstað verður því ekki vikið frá meginreglu 1. ml. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd um að nefndin sé bundin af ákvörðun dómara leiks.

Er kærinni því vísað frá.

(D)

Í greinargerð eru að finna ómálefnalegar dylgjur um hlutdrægni dómarnefndar, m.a. með vísan til atvika sem ekki varða málið sem hér er til meðferðar. Eru þau ummæli ámælisverð.

ÚRSKURÐARORÐ

Málinu er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Jónas Már Torfason, formaður

Leó Daðason, varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

Björn Atli Davíðsson

Elvar Guðmundsson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.